


Þorskastríðin 1952 - 1976



Breskur togari á Íslandsmiðum. / British trawler in Icelandic territory. / Britischer Trawler in isländischen Gewässern.

Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.




HMS Bacchante og togarinn Arctic Vandal. Nýbúið er að klippa vörpuna aftan úr togaranum. / HMS Bacchante and the trawler Arctic Vandal. The fishing gear had just been cut from the back of the trawler. / Die HMS Bacchante und der Trawler Arctic Vandal. Das Trawlernetz wurde soeben gekappt.

Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.



HMS Diomedea öslar samsíða Baldri. Nokkru síðar sigldi freigátan á Baldur og voru bæði skip all löskuð eftir áreksturinn. / HMS Diomedea is parallel the patrol vessel Baldur. Later the frigate rammed into Baldur and both ships were considerably damaged by the collision. / Die Fregatte HMS Diomedea, kurz bevor sie das Patrouillenboot Baldur ramnte; beide Schiffe trugen beträchtliche Schäden davon.

Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.



HMS Diomedea stórskemmd eftir að hafa siglt á varðskipið Baldur. / HMS Diomedea greatly damaged after hitting the patrol vessel Baldur. / Die schwer beschädigte HMS Diomedea nach ihrem Angriff auf das Küstenwachtschiff Baldur.


Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.

Í ár eru liðin 40 ár frá því að síðasta þorskastríði Íslendinga við Breta lauk. Upphaf þorskastríðanna má rekja til setningu landgrunnslaganna árið 1948 og fiskveiðilögsaga Íslands var færð út í 4 sjómílar árið 1952. Erlendar þjóðir, en þó aðallega Bretar höfðu löngum stundað umfangsmiklar veiðar við Ísland og nú voru hagsmunir þeirra í hættu. Sjálfkrafa var því sett á togveiðibann erlendra þjóða innan 4 mílna og vakti það hörð viðbrögð hjá þjóðum sem áður höfðu stundað togveiðar við Ísland en þó hörðust viðbrögð hjá Bretum sem settu löndunarbann á íslenskan fisk í Englandi. Samkomulag náðist þó milli þjóðanna með gerð löndunarsamnings í nóvember árið 1956.

Árið 1958 færðu Íslendingar lögsögu sína út í 12 mílur og olli það nokkurri spennu milli Íslendinga og hinna erlendu þjóða sem stundað höfðu veiðar á Íslandsmiðum, þó aðallega Breta. Samkomulag náðist um lausn deilunnar fyrirhluta árs 1961. Vildu breskir togarasjómenn meina að þessu fyrsta eiginlega þorskastríði hefði lokið með „stórsigri Íslendinga“.

Í febrúar árið 1973 var lögsagan færð út í 50 mílur. Enn kom til deilna milli Breta og Íslendinga, bæði pólitískra og líka kom til árekstra á fiskimiðunum þegar bresku herskipin og dráttarbátarnir neyttu aflsmunar gegn íslensku varðskipunum. Í þessu þorskastríði notuðu Íslendingar í fyrsta sinn leynivopnið sem margir segja að gert hafi gæfumuninn, hinar illræmdu togvíraklippur. Alls var klippt aftan úr 82 togurum í þessu þorskastríði, 66 breskum og 16 v-þýskum. Samkomulag náðist um lausn deilunnar í nóvember árið 1973.


Þann 15 október 1975 færðu Íslendingar fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur. Breskar freigátur og dráttarbátar voru send á miðin til verndar bresku togurunum. Ekki þótti togaraskipstjórunum þetta nægileg vernd og þann 5 maí 1976 sigldu þeir út úr landhelginni í mótmælaskyni, en var þá snúið við og tilkynnt að bresku verndarskipunum hefði verið heimilað að „rífa íslensku varðskipin í parta“ og gera það sem þyrfti til að skipin gætu veitt í friði. Einnig sendu Bretar Nimrod þotur til að njósna um íslensku varðskipin og staðsetningu þeirra. Í þessu þorskastríði voru skráðar 54 ásiglingar bresku verndarskipanna á íslensku varðskipin, og freigátan HMS Falmouth gerði harða atlögu að varðskipinu Tý sem beinlínis var ætlað að sökkva varðskipinu. Var þetta harðasta ásigling í sögu þorskastríðanna. Klippt var aftan úr 48 breskum togurum í þessu þorskastríði. Íslensku varðskipsmennirnir sem og íslenskir stjórnmálamenn og samninganefnd Íslands sýndu mikið harðfylgi sem að lokum varð til þess að þann 1.júní 1976 voru undirritaðir samningar um 6 mánaða tímabundnar veiðar breskra togara innan landhelgi og þann 1.desember 1976 sigldu bresku togararnir út fyrir lögsöguna.



Íslenska fiskveiðilögsagan, 4 mílna 12 mílna, 50 mílna og 200 mílna mörkin. / The Icelandic Fishing Jurisdiction; 4-mile, 12-mile, 50-mile and 200-mile limit. / Die Ausweitung der isländischen Fischereigrenzen: 4-Seemeilen-, 12-Seemeilen-, 50-Seemeilen- und 200-Seemeilen-Zone.




Texti og uppsetning: Björn Baldursson
Heimildir: Björn Þorsteinsson - Tíu þorskastríð, 1976. Guðmundur J. Guðmundsson - Síðasta þorskastríðið, 2007. Sveinn Sæmundsson - Guðmundur skipherrna Kærnested, 1985.
Ljósmyndir: Jón Páll Ásgeirsson, Wikipedia.com, <http://www.iwm.org.uk>, <http://www.hms-yarmouth.com>.
Þýðing: Angela Schamberger, Björk Hlökkversdóttir.



Togvíraklippurnar - leynivopn Gæslunnar


Það sem bresku togaraskipstjórnarnir hræddust hvað mest voru hinar illræmdu togvíraklippur sem Landhelgisgæslan beitti óspart í þorskastríðinu. Klippurnar voru hannaðar af Péttri Sigurðssyni forstjóra Landhelgisgæslunnar, og smíðaðar af Friðriki Teitsyni og Tómasi Sigurðssyni, járnsmiðum. Bresku herskipin og dráttarbátarnir reyndu sem mest þau máttu að vernda togarana frá því að lenda í klippunum, en íslensku varðskipin voru lipur og snör í snúningum og þeir sem voru við stjórnvölinn voru mjög útsjónarsamir. Oft náðu varðskipin að smeygja sér á milli verndarskipanna og togaranna og klippa á annan eða báða togvírana. Fyrstu klippurnar voru smíðaðar árið 1958, en þeim var ekki beitt fyrr en í 50 mílna stríðinu árið 1972. Togarinn sem naut þess vafasama heiðurs að verða sá fyrsti til að verða klipptur var Peter Scott H-103, breskur togari sem var á veiðum 38 sjómílum vestur af Horni. Þeim var einnig mikið beitt í 200 mílna stríðinu árið 1975. Með klippunum gátu varðskipin klippt veiðarfærin nær fyrirvaralaust aftan úr togurunum ef þau komust í tæri við þá og tekið þá úr umferð um tíma. Mikil leynd hvíldi yfir þessu nýtsama verkfæri Landhelgisgæslunnar og sem dæmi má nefna að klippurnar voru eitt sinn settar í viðgerð í Vélsmiðjuna Þór á Ísafirði og lögreglan ók klippunum á staðinn og tveir varðskipsmenn stóðu yfir þeim sem voru að gera við klippurnar á meðan viðgerðin fór fram.



Halldór B. Nellett háseti á varðskipinu Baldri, síðar skipherra hjá Landhelgisgæslunni stendur hér við togvíraklippurnar. / Halldór B. Nellett a seaman on the Coast Guard ship Baldur, and later a commander in the Coast Guard, stands next to the wire cutters. / Halldór B. Nellett, Matrose auf dem Küstenwachschiff Baldur, später Kommandant bei der Küstenwache, mit dem Netzschneider.
Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.

The wire cutters - the Coastguards secret weapon

What the British trawlers' skippers feared most were the infamous wire cutters which the Coast Guard exercised liberally during the last two Cod Wars. The cutters were designed by Pétur Sigurðsson, the CEO of the Coast Guard, and constructed by Friðrik Teitsson and Tómas Sigurðsson, blacksmiths. British war vessels and tugboats tried as much as they could to protect their trawlers from the cutters, but the Icelandic patrol vessels were agile and sharp while turning and those who were in charge were very resourceful. Often the patrol vessels were able to move between the protection ships and trawlers and cut one or both warps. The first cutters were made in 1958, but not used until during the 50-mile war in 1972. The first trawler that endured a cut was Peter Scott H-103, a British trawler fishing 38 nautical miles west of Horn. The cutters were also widely used in the 200-mile war in 1975. With the cutters, the patrol vessels could cut fishing gear almost without any notice from the rear of the trawlers if they came in contact with them and therefore take them out of circulation for a while. There was a high secrecy about these useful Coast Guard's tools, as an example, the cutters were once being repaired in the engineering factory Þór in Ísafjörður. The police drove the cutters there and two members of the Coast Guard stood guard as they were repaired.



Svona var farið að því að klippa aftan úr togurunum. / This is how the cutters were applied. / So wurde der Netzschneider eingesetzt.
Ljós: Jón Páll Ásgeirsson.

Der Netzschneider – die Geheimwaffe der Küstenwache

Die britischen Trawlerkapitäne hatten einen Heidenrespekt vor den berühmten Netzschneidern, die die isländische Küstenwache in den letzten beiden Kabeljaukriegen intensiv einsetzte. Diese Netzschneider waren von den Metallbauern Friðrik Teitsson und Tómas Sigurðsson nach Plänen von Pétur Sigurðsson, dem damaligen Direktor der Küstenwache, angefertigt worden. Die Schiffe der britischen Marine versuchten alles, ihre Trawler vor den Netzschneidern zu schützen, doch die isländischen Patrouillenboote waren wendig und schnell und ihre Steuermänner einfallsreich. Oft schoben sie sich erfolgreich zwischen Marineschiff und Trawler und schafften es, einen oder gar beide Drahtseile des Trawlernetzes zu durchtrennen. Die ersten Netzschneider waren schon 1958 gebaut worden, aber wurden erst 1972 im Streit um die 50-Seemeilen-Zone eingesetzt. Der erste Trawler, den es traf, war Peter Scott H-103, der 38 sm westlich vor Horn fischte. Auch im 200-Seemeilen-Konflikt 1975 wurde von den Netzschneidern reichlich Gebrauch gemacht. Wenn die Patrouillenboote nahe genug von hinten an die Trawler herankamen, konnten sie blitzschnell mit den Netzschneidern die Fanggeräte kappen und so die Trawler eine Weile aus dem Verkehr ziehen. Diese überaus nützlichen Geräte der Küstenwache umgab eine große Geheimnistuerei. Als die Netzschneider zum Beispiel einmal repariert werden mussten, wurden sie von der Polizei in die Werkstatt Þór nach Ísafjörður gefahren, wo die Reparaturarbeiten unter der Aufsicht von zwei Vertretern der Küstenwache durchgeführt wurden.



Togvíraklippurnar alræmdu. / The infamous cutters. / Der berühmte Netzschneider.